

Umhverfis- og skipulagssvið  
Höfðatorg - Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

### **Öskjuhlíð - deiliskipulag**

Á fundi borgarráðs þann 13. október 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. október 2022, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 5. október 2022 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar, ásamt fylgiskjólum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Deiliskipulagsbreytingin er nauðsynleg til að færa einn mest notaða hjólastíg borgarinnar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á nálægri lóð. Afnotasamningur vegna þess svæðis sem nýtt hefur verið undir bílastæði rann út 2019 og liggur stígurinn því alfarið á borgarlandi. Nauðsynlegt er að eiga í framhaldinu gott samráð við Flugbjörgunarsveitina um aðstöðumál fyrir þessa mikilvægu og nauðsynlegu starfsemi.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vekja athygli á óskum Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík varðandi bílastæðamál og telja mikilvægt að komið verði til móts við þær óskir með einhverjum hætti. Flugbjörgunarsveitin gegnir mikilvægu hlutverki í þágu almannaheilla og eðli starfseminnar felur það í sér að björgunarsveitafólk hafi aðgang að umræddri björgunarmiðstöð á öllum tímum sólarhringsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til í umhverfis- og skipulagsráði að afgreiðslu málsins yrði frestað á meðan rætt væri við Flugbjörgunarsveitina um lausnir á bílastæðamálum hennar. Við hörmum að meirihlutinn hafi fellt slíka tillögu um frestun máls í því skyni að eiga eðlilegt samráð við aðila, sem á ríkra hagsmuna að gæta í málinu.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að tryggja aðgengi að svæðinu út frá ólíkum fararmátum. Á þessu svæði er Flugbjörgunarsveitin. Björgunarsveitir landsins eru reknar alfarið á baki sjálfbæðaliða án þess að reiða sig á ríki eða önnur stjórnvöld um rekstrarfé, en sinna þrátt fyrir það mikilli grundvallar öryggisþjónustu við íbúa landsins og við sívaxandi ferðamannaíðnað. Flugbjörgunarsveitin hefur óskað eftir góðri aðkomu að sínu húsnæði og mikilvægt er



Reykjavíkurborg

að mæta því í ferlinu, hér er um að ræða málefni sem tengist bílastæðum sem m.a. eru nýtt fyrir þau sem koma víðsvegar að til að sinna starfinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flugbjörgunarsveitin mótmælir skerðingu á bílastæðum og að önnur bílastæði sem fyrir eru verði óaðgengileg með þessari breytingu. Félagar í Flugbjörgunarsveitinni sinna mikilvægu sjálfbodastarfi við að aðstoða Reykvíkinga og gesti þeirra þegar neyð steðjar að. Skerðing á bílastæðum um  $\frac{2}{3}$  hluta mun hefta útköll, fjáraflanir og félagsstarf Flugbjörgunarsveitarinnar verulega. Bílastæðum hefur þegar fækkað mikið. Varast ber að ganga of langt í þessu sem öðru. Gæta þarf meðalhófs. Er hægt að finna lausn sem allir geta sætt sig við? Þetta er vissulega gömul ákvörðun en þeim má breyta eins og nýjum. Best væri að fresta þessu og eiga samtál. Vika eða vikur til eða frá skipta ekki sköpum í þessu máli.

Helga Björk Laxdal

e.u.